



VIÐSKIPTARÁÐ ÍSLANDS
ICELAND CHAMBER
OF COMMERCE

RITRÖÐ VIÐSKIPTARÁÐS ÍSLANDS UM ÍSLENSKT VIÐSKIPTAUMHVERFI

TVÍSKÖTTUN

WITH ENGLISH SUMMARY

VIÐSKIPTARÁÐ ÍSLANDS

HÖFUNDUR:

JÓN ELVAR GUÐMUNDSSON

REYKJAVÍK, DESEMBER 2005

ISBN 9979-9635-3-0

Rit þetta má afrita með leyfi höfundar og Viðskiptaráðs Íslands



VÍSKIPTARÁÐ ÍSLANDS
ICELAND CHAMBER
OF COMMERCE

PÖKKUM EFTIRTÖLDUM
FÉLÖGUM RÁÐSINS
VEITTAN STUÐNING

Deloitte.

Grant Thornton 

KPMG

PRICEWATERHOUSECOOPERS 

T A X I S
L Ö G M E N N

SAMANTEKT

Á HELSTU NIÐURSTÖÐUM

Það viðskiptaumhverfi sem íslensk fyrirtæki hafa lengst af búið við hefur breyst verulega þó ekki sé litið lengra en einn áratug aftur í tímann. Í stað fyrirtækja sem aðallega störfuðu á innanlandsmarkaði og fluttu inn vörur annars vegar og fyrirtækja sem störfuðu á innanlandsmarkaði og fluttu út vörur, þ.e. fiskvörur, eru nú fjölmörg fyrirtæki með höfuðstöðvar á Íslandi en starfsemi í fjölmörgum ríkjum utan Íslands, jafnvel meginhluta starfsemi sinnar.

Í litlu hagkerfi eins og á Íslandi er brýnt að fyrirtækjum séu búnar góðar aðstæður til þess að sækja á erlenda markaði svo þau fái vaxið og dafnað. Allir hljóta að vera sammála um að æskilegt sé að fyrirtæki verði áfram íslensk þrátt fyrir mikla starfsemi erlendis. Eitt af þeim viðfangsefnum sem þarf að eiga við þegar starfað er í fleiri en einu landi eru skattar.


Í grunninn beita flest ríki tveimur grundvallaraðferðum til þess að ákvarða hvaða tekjur þau skattleggja. Annars vegar lagður skattur á allar tekjur einstaklinga sem búa í viðkomandi landi og fyrirtæki sem eru stofnuð þar, hafa stjórn sína þar eða önnur sterk tengsl við landið. Þetta á við um allar tekjur slíkra aðila óháð því hvernig og hvar þær eru tilkomnar, t.d. eru tekjur íslensks félags af sölu hugbúnaðar til erlendra neytenda skattlagðar á Íslandi. Hins vegar skattleggja flest ríki tekjur aðila sem ekki hafa sterk tengsl við viðkomandi land en afla tekna í landinu. Þetta getur t.d. átt við ef íslenskur hugbúnaðarsali hefur sölumenn, skrifstofu o.þ.h. erlendis.

Augljós afleiðing þessa tveggja aðferða er að sömu tekjur eins aðila geta verið skattlagðar tvisvar, einu sinni í heimalandi og einu sinni í landi þar sem hin erlenda starfsemi fer fram. Í verri tilvikum getur það komið upp að fleiri en tvö ríki skattleggi sömu tekjur eins aðila.

Séu vandamál sem þessi ekki leyst er líklegt að fyrirtæki eigi ekki nokkra möguleika til þess að starfa víðar en í heimalandi sínu. Löggjafar ríkja, fræðimenn, alþjóðlegar stofnanir o.fl. hafa í yfir hundrað ár reynt að leysa þetta vandamál. Að sumu leyti hefur tekist þokkalega upp en að mörgu leyti er vandinn, og verður, óleystur þar sem að fullkomin lausn þyrfti að byggjast á víðtækri samvinnu allra ríkja heims en hætt er við því að mörgum þætti slíkr samvinna fela í sér takmarkanir á fullveldi. Vandinn er sá að skatttekjur eru langstærsti tekjustofn flestra ríkja og því eru þau treg til þess að leyfa öðrum ríkjum að hafa eitthvað um það að segja hvernig skatttekna er aflað.

Þrátt fyrir það er vandinn það knýjandi að flest ríki leggja mikla vinnu í það að gera samninga við önnur ríki til þess að koma í veg fyrir tvísköttun. Oft eru slíkir samningar forsenda fyrir því að fyrirtæki í einu landi geti stundað viðskipti með arðbærum hætti í öðru landi. Því má segja að ef ríki vill gera þegnum sínum kleift að stunda árangursrík og arðbær viðskipti í öðrum ríkjum sé ein af grundvallarforsendum þess að tvísköttunarsamningur sé í gildi við viðkomandi ríki. Jafnframt getur tvísköttunarsamningur við erlent ríki verið forsenda fyrir því að fjárfesting á Íslandi sé hagkvæm fyrir þegn

ÍSLAND HEFUR GERT 23 TVÍSKÖTTUNARSAMNINGA (dökkblá lönd)



DANIR HÁFA GERT 91 TVÍSKÖTTUNARSAMNING (dökkblá lönd)



viðkomandi ríkis. Mikilvægi þess að ríki hafi yfir að ráða öflugu neti tvísköttunarsamningar verður því seint ofmetið.

Því miður fellur Ísland í þann flokk ríkja sem hafa gert fáa tvísköttunarsamninga við önnur ríki þó þeir séu á þriðja tug, enn hefur ekki tekist að gera tvísköttunarsamninga við öll ríki ESB og gildir samningar eru 23. Ríki sem hafa staðið sig vel í þessum efnum hafa gert um eða yfir eitt hundrað tvísköttunarsamninga. Því er lagt til að áhersla á gerð tvísköttunarsamninga verði aukin, sérstökum starfsmönnum í stjórnkerfinu falið að vinna eingöngu í því og að samráð verði haft við aðila úr atvinnulífinu við undirbúning og gerð slíkra samninga.

Þar sem tvísköttunarsamningar eru ekki í gildi milli allra ríkja hafa þróast einhliða aðferðir til þess að koma í veg fyrir tvísköttun einstaklinga og fyrirtækja. Almennt er viðurkennt að ef tekjuöflun er nægilega tengd landi verði hún skattlögð þrátt fyrir að sá sem á tekjurnar sé að öðru leyti ekki tengdur viðkomandi landi. Því hafa flest ríki komið sér upp einhliða reglum sem kveða á um afléttingu tvísköttunar skattþegna sinna.

Tvær grundvallarhugmyndir eru ráðandi í þessu sambandi og lýsa þær sér í s.k. frádráttaraðferð annars vegar og undanþáguaðferð hins vegar. Grundvallarhugsunin að baki fyrri aðferðinni er að skatturinn sem greiddur er af tekjum erlendis sé dreginn frá þeim skatti sem lagður er á í heimalandinu

en það sem út af stendur er svo greitt til skattýfirvalda.

Hugmyndafræðin er því sú að engu skipti þó fjárfest sé erlendis, frádráttur sé veittur, en skattur greiddur að auki að því marki að skatthlutfalli heimalandsins sé náð. Að baki undanþáguaðferðinni liggur hins vegar sú hugmyndafræði að fyrirtæki í heimalandi keppi á jafnréttisgrundvelli erlendis við hin erlendu fyrirtæki að því er varðar skatta. Þannig er það hlutfall tekna sem aflað er erlendis undanþegið skattlagningu í heimalandinu og þannig er skattlagningin í því landi sem samkeppnin á sér stað látin duga.

Þrátt fyrir að öll ríki tækju upp aðra hvora regluna, jafnvel þó öll ríki beittu sömu reglunni skilyrðislaust dugði það ekki til að leysa tvísköttunarsvandann. Það kemur til af því að hvert land beitir eigin reglum, t.d. varðandi skilgreiningu skattstofns, frádrætti, afskriftir, hver það er sem er greiðsluskyldur, hvaða tegund tekna á í hlut, o.s.frv.

Hér verður í fyrsta lagi fjallað um gerð tvísköttunarsamninga og þá hagsmuni sem eru í húfi þegar litið er til þess hve öflugu neti tvísköttunarsamninga ríki hefur yfir að búa. Augljóst er að Ísland hefur ekki nægilega marga tvísköttunarsamninga í gildi við önnur ríki og nauðsynlegt er að bæta úr því svo liðkað verði fyrir fjárfestingum inn í landið sem út úr því. Þar sem að gildir tvísköttunarsamningar eru ein af meginforsendum fyrir því að viðskipti milli landa gangi vel fyrir sig er rík ástæða til þess að stjórnvöld taki sig á og bæti úr núverandi ástandi með því að fjölga gildum samningum.

Í öðru lagi verður fjallað um þær einhliða aðferðir sem ríki beita til þess að leysa tvísköttunarsvandann. Umfjöllunin snýst ekki um íslenskar reglur og lög. Hins vegar verður að heimfæra umfjöllunina að íslensku reglunum bæði til skýringar og til þess að hægt sé að leggja til breytingar til batnaðar. Vegna þessa er litið til þeirra tvísköttunarsamninga sem Ísland hefur gert auk reglna í íslensku lögunum um tekjuskatt og lögunum um erfðafjárskatt.

Lagt er til að tekin verði upp sú stefna að beita undanþáguaðferðinni sem meginreglu og á endanum sem einu reglu íslensks réttar varðandi málið enda á hún betur við skattkerfi eins og hið íslenska sem undanfarin ár hefur verið breytt mjög til þess að vera samkeppnishæfara. Í dag er að finna margar útgáfur reglna í íslenskum rétt til þess að aflétta tvísköttun. Þetta veldur óvissu auk þess sem reglurnar eru ekki nægilega vel útfærðar.

Óvissan og slök gerð reglnanna er til þess fallin að hafa skaðleg áhrif á íslenskt viðskiptalíf og brynt er að bæta úr því. Undanþáguaðferðin sem mælt er með er byggð á sterkum grunni og fræðilega samkvæm sjálfri sér. Slík regla gerir íslensk fyrirtæki samkeppnishæfari þegar starfað er erlendis og gerir þeim kleift að starfa við sömu skilyrði og önnur á viðkomandi markaði og nýta þau tækifæri sem bjóðast á hinum alþjóðlega markaði. Jafnframt er slík regla til þess fallin að laða erlenda fjárfesta að Íslandi þar sem að hagkvæmara getur orðið að setja hér upp hluta alþjóðlegra fyrirtækja þannig að þessi regla stuðlar að því að Ísland geti orðið höfn höfuðstöðva alþjóðlegra fyrirtækja hvort sem þau eiga uppruna sinn að rekja til Íslands eða annarra landa.

Tillögurnar miða við það að gera íslenska skattkerfið enn samkeppnishæfara en nú er. Þá höldum við þeim fyrirtækjum sem starfa hér nú auk þess að bæta samkeppnisumhverfi þeirra. Einnig veitum við þannig nýjum fyrirtækjum sem besta möguleika á því að auka starfsemi sína og afla tekna erlendis. Loks er slíkt til þess fallið að gera Ísland að vænlegri kosti fyrir erlenda fjárfesta sem vilja hafa höfuðstöðvar sínar eða hluta starfsemi sinnar á Íslandi.

ENGLISH

SUMMARY AND CONCLUSIONS

The Icelandic business environment has changed dramatically in the last decade. Numerous companies' headquarters are based in Iceland but they also carry on business in many other states, possibly even their main business. In a small open economy it is vital that companies have good conditions to expand into foreign markets and the tax environment is an important factor in the decision making on where to set up business.

This is a summary of a report on the necessity of a good network of double taxation treaties and the unilateral methods states use to solve the double taxation problem that occurs when profits of multinational enterprises are taxed. The coverage in the report is not bound to Icelandic law and regulations. We look to bring the discussion closer to Icelandic law and regulations, both for explanation and to look for improvements.

WHAT IS DOUBLE TAXATION?

Double taxation occurs when the profits of a multinational enterprise are taxed in more than one state, e.g. when the same income is being taxed twice, once in Iceland and once in the state where it is sourced. Double taxation can be prevented, at least partly, but the issue is complicated. A perfect solution would have to be based on vast co-operation between all nations, but such co-operation can be viewed as restricting their sovereignty. It must also be considered that tax revenue is most often by far the biggest source of income for states and therefore governments are reluctant to let other states modulate


how their tax revenue is acquired.

Various methods have evolved on how to prevent double taxation on income of individuals and companies but there are two prevailing methods. It is generally acknowledged that if income is strongly connected with a state it will be taxed there (source based taxation), even though the party that generated the earnings is not connected with that state in any other way. Also, generally the home state of the enterprise will also tax the same income. The double taxation resulting from this constitutes a great problem for international business. To solve this problem, most states have set up unilateral rules that stipulate the relief of double tax.

ICELAND'S DOUBLE TAX TREATIES

Iceland has entered into 23 effective double tax treaties (identified with dark blue), which equals treaties with approximately 12% of all states in the world.

ICELAND HAS 23 EFFECTIVE DOUBLE TAX TREATIES



In comparison, Denmark has entered into 91 double tax treaties (identified with dark blue), which equals treaties with approximately 40% of all states. Therefore, Iceland stands far behind its neighbouring country in this area.

As the Icelandic market is small and the Icelandic economy heavily reliant on business abroad it is of crucial importance for Icelandic enterprises that Iceland has a strong network of double tax treaties. The same applies as regards investments in Iceland from abroad. It is safe to say that the problem

DENMARK HAS 91 EFFECTIVE DOUBLE TAX TREATIES

of double taxation in international business can restrict or prevent business from being conducted. Therefore the market available for Icelandic business is in part determined by the Icelandic double tax treaty network.

In light of this the Icelandic Chamber of Commerce strongly recommends that Icelandic authorities use their resources to amend the current situation. This should be done by using existent knowledge and having full time employees working on double tax treaty matters. Furthermore, in light of the small Icelandic population authorities should establish a good working relations with private market experts in order to achieve the best possible results in strengthening the double tax treaty network of Iceland.

TWO FUNDAMENTAL METHODS

Most states apply two fundamental methods to determine which revenue is taxed.

On the one hand, all income of an individual resident in a state is taxed and income of enterprises incorporated in the state, effectively managed or having other strong connections with it is taxed. This concerns all income of these entities, irrespective of where and how it emerges, e.g. the income from the sale of software to a foreign consumer is taxed in Iceland if sold by an Icelandic resident.

On the other hand, most states tax entities that do not have strong connections with them but have income sourced there. This could apply, e.g. if Icelandic companies ran offices abroad. The obvious result of those two methods is that the same income of one person can be taxed twice, once in the home state and once in a source state, i.e. where the overseas operation is run. In worse cases it can happen that more than two states tax the same revenue of one person. Two methods are predominantly used to prevent double taxation from happening.

CREDIT AND EXEMPTION METHOD

Two fundamental methods are predominant to prevent double taxation, the credit method and the exemption method.

The rationale of the credit method is that tax levied on income abroad is credited against tax imposed in the home state on that same income. The ideology being that it makes no difference, as regards taxes, if invested abroad, a credit is given against home state tax but the home state tax exceeding the foreign tax is the collected.

The ideology behind the exemption method is that enterprises in their home state compete on a level ground abroad with foreign enterprises when it comes to taxes. Therefore, the proportion of income earned abroad is exempt from taxation in the home state and the taxation in the state of competition is made do.

INCONSISTENCY BETWEEN STATES

Despite all states adopting either rule and even though all states applied the same rule unconditionally, it would not be enough to solve the double taxation problem. That is because each state will apply its rules, e.g. concerning definition of the tax base, deductions, depreciation, income classification, etc.

Because of this, states go further in their co-operation and enter into double tax treaties that solve the problem in a better way than is possible with unilateral rules. The optimal solution would be a multilateral income tax treaty in place between all states but it is unlikely that this will happen due to practical reasons. Many states have done well and entered into numerous double tax treaties, such as the Netherlands and the United Kingdom, but other have fallen behind. Unfortunately, Iceland is in the latter category, as it has only entered into 23 effective double tax treaties, e.g. it has still not entered into a treaty with all the EU member states.

AN EXAMPLE ON HOW THE ABOVE RULES ARE USED

Numerical examples give a good idea of how the credit and exemption methods are used in various situations. In some double tax treaties Iceland has entered into, it is stipulated that it provides for an ordinary credit for foreign taxes and the results of that are shown below.

	<i>Income</i>	<i>Tax</i>
Iceland (18% income tax)	100	-
Foreign state (30% income tax)	100	30
Taxation in Iceland before credit adjustment	200	36
Total tax levied before full credit adjustment	-	66
- credit for taxes paid abroad Iceland (limited to the Icelandic rate)	-	-18
Total tax-burden	-	48
Total tax-burden (%)	-	24%

Table 1 above illustrates the result when Icelandic tax authorities apply an ordinary credit method and therefore deduct 18 from calculated tax in Iceland. The total payment by the company amounts to 48 or 24% of the total profit. It is notable that this result is not fully consistent with the objective of the credit method, i.e. an Icelandic enterprise suffers a tax rate higher than applicable in Iceland. Therefore, the Icelandic tax rate is not applicable wherever the company invests. This applies only in the cases where the

foreign tax rate is lower than the Icelandic one, i.e. only in cases where it is less beneficial for the investor.

If the exemption method is applied, however, Icelandic tax authorities exempt foreign sourced profit from tax that would have been levied if they had been sourced in Iceland, as the table below shows.

	<i>Income</i>	<i>Tax</i>
Iceland (18% income tax)	100	-
Foreign state (30% income tax)	100	30
Taxation in Iceland before exemption	200	36
Total tax levied before exemption adjustment	-	66
- Exempted tax in Iceland	-	-18
Total tax-burden	-	48
Total tax-burden (%)	-	24%

The total tax levied on the enterprise's income therefore amounts to 48 or 24% and even though the average tax payment is higher than Icelandic law allows for, then the method is fair and suits small states like Iceland as it allows Icelandic enterprises to compete, as regards taxes, on the same level as foreign enterprises. Even if the result is the same as above this changes when the foreign tax rate is lower than the Icelandic one. Therefore, a small economy like Iceland with a competitive tax rate should also make provide a competitive environment for its enterprises when operating abroad. This should be done by applying an exemption method resulting in Icelandic enterprises being able to compete abroad at the same level as other companies, as regards taxes, in the respective foreign market.

It must be noted however that even though the two methods, i.e. ordinary credit and exemption method, lead to the same result in some cases that is not always so. The difference is obvious when the source state applies a lower tax rate than the home state, then according to the rationale of the credit method the home state rate applies worldwide but according to the rationale of the

exemption method the enterprise suffers a lower tax burden as it is allowed to play on a level field abroad. On the other hand when the source state applies a higher rate the ordinary credit method results in a limited credit abandoning the rationale of the method due to practical issues regarding a state's tax revenue while the exemption method applies in exactly the same way, i.e. the foreign income is exempt from home state taxation.

For Iceland the choice between whether to use credit or exemption methods must be based on what sort of business environment the legislator wants to offer enterprises that do business abroad but locate their headquarters in Iceland. A fact that should weigh heavily when making such a choice is the limited size of the Icelandic market resulting in a greater importance in Icelandic enterprises being able to play on a level field when doing business abroad. The Iceland Chamber of Commerce iterates the importance of Icelandic tax legislation being such that it neither inhibits the investment of Icelandic enterprises abroad nor subdues their competitiveness in international markets.

WHAT ARE THE RESULTS?

The Iceland Chamber of Commerce recommends that the policy of applying the exemption method will be adopted as the main rule and eventually be the only rule of Icelandic law concerning relief of double taxation. Evolution shows that it is better suited to the Icelandic market and tax system, which has taken big steps towards the better in the past few years. At the same time it is suggested that the Icelandic double taxation network will be made considerably bigger so that there will be fewer issues regarding double taxation Icelandic enterprises doing business abroad. These suggestions aim to increase the competitiveness of the Icelandic tax system. At the same time it provides new enterprises a better potential to increase their business and income abroad. Finally, these changes are suggested so that Iceland becomes an auspicious option for foreign investors who want to locate their headquarters, or part of their business here.

KAFLI 1

SAMNINGAR

GEGN TVÍSKÖTTUN

Tvísköttunarsamningar eru hannaðir til þess að koma í veg fyrir að tekjur eins aðila verði skattlagðar oftar en einu sinni. Hættan á slíkri tvísköttun er alltaf fyrir hendi þegar starfað er í fleiri löndum en einu. Tvískattlagning tekna er líkleg til að valda því að viðkomandi fjárfesting verði ómöguleg. Því má gróflega miða við að íslensk fyrirtæki geti ekki fjárfest í löndum ef ekki er tvísköttunarsamningur í gildi við viðkomandi land. Að sjálfsgöðu á það sama við varðandi fjárfestingu frá viðkomandi landi inn í Ísland. Hagsmunirnir af því að hafa sem flesta tvísköttunarsamninga í gildi eru því miklir þar sem að stórt net slíkra samninga stækkar í raun þann markað sem fyrirtæki geta starfað á.

Augljós spurning sem kemur upp er hvernig íslensk fyrirtæki hafi þó getað aukið umsvif sín eins mikið á erlendri grund eins og raun ber vitni þrátt fyrir lítið net tvísköttunarsamninga sem Ísland býr yfir. Það ber að hafa í huga að íslensk fyrirtæki hafa fjárfest að mestu í ríkjum sem hafa gert tvísköttunarsamninga við Ísland. Jafnframt ber að hafa í huga að tengsl milli landa er sífellt að aukast. Það gerir það að verkum að fyrirtæki geta komið upp félögum í ríkjum sem henta betur undir starfsemi þeirra, m.a. með tilliti til nets tvísköttunarsamninga. Þannig getur það gerst að íslensk fyrirtæki verða að færa hluta starfsemi sinnar til annarra ríkja ætli þau að stunda fjárfestingar í ríkjum sem Ísland hefur ekki gert tvísköttunarsamninga við. Því er það svo að þó íslenskt viðskiptalíf eigi heiður skilið fyrir þann árangur sem náðst hefur þá er brýnt að halda áfram að bæta aðstæður þess svo halda megi áfram að efla það jafnt á heimamarkaði sem erlendis.

Þar sem að tvísköttunarsamningar veita íslenskum fyrirtækjum jafnt aðgang að erlendum mörkuðum sem og erlendum fyrirtækjum aðgang að hinum íslenska markaði má segja að samkeppnisstaða Íslands styrkist eftir því sem net tvísköttunarsamninga eflist. Því er um mikið hagsmunamál Íslendinga allra að ræða og brýnt að vel sé að verki staðið við gerð tvísköttunarsamninga. Aukin fjöldi tvísköttunarsamninga þýðir því einfaldlega að Ísland verður hluti af stærra markaðssvæði. Þar sem að Ísland hefur einungis gert 23 gilda tvísköttunarsamninga er brýnt að stjórnvöld auki áherslu á gerð og gæði tvísköttunarsamninga.

Úrbót þessara mála fæst ekki nema stjórnvöld séu tilbúin til þess að leggja út í þá vinnu og þann kostnað sem fylgir því að koma sér upp nægilegri þekkingu og getu til þess að standa vel að þeim. Því er ekki aðeins nauðsynlegt að stjórnvöld viðhaldi þeirri þekkingu sem þau búa yfir heldur afli frekari þekkingar og tryggi starfsfólki sínu þann frið og þá aðstöðu sem nauðsynlegt er til þess að sinna verkefnum sínum vel. Því væri rétt að starfsfólk innan stjórnsýslunnar hefði þessi verkefni sem aðalstarf. Jafnframt væri rétt í ljósi smæðar Íslands að stjórnvöld hiki ekki við að leita til viðskiptalífsins svo nýta megi þá þekkingu sem þar er til staðar.

Því fleiri tvísköttunarsamningum sem Ísland býr yfir því betri verður aðstaða íslenskra fyrirtækja til þess að sækja á erlenda markaði, auka starfsemi sína og efla. Þá getur skortur á samningum gert það að verkum að fyrirtæki sem verða eða vilja sækja á erlenda markaði verða nauðbeygð til þess að færa hluti starfsemi sinnar erlendis sem ella væri á Íslandi. Jafnframt er fjöldi þeirra ein forsenda erlendra fyrirtækja fyrir því að hafa hluta starfsemi sinnar á Íslandi. Svo Ísland megi verða höfn höfuðstöðva alþjóðlegra fyrirtækja er nauðsynlegt að við búum yfir öflugum neti tvísköttunarsamninga.

KAFLI 2

TVÍSKÖTTUN

OG AÐFERÐIR TIL AÐ LEYSA VANDANN

2.1 VANDAMÁLID

Tvísköttun er vandamál sem allir þeir sem stunda viðskipti í fleiri en einu landi þurfa að eiga við. Í stuttu máli lýsir vandinn sér þannig að íslenskum aðilum ber, almennt séð, að greiða skatt af öllum tekjum sínum óháð því hvar í heiminum þær eru upprunnar. Hins vegar eru önnur ríki almennt með reglur sem kveða á um skattskyldu hinna íslensku aðila vegna tekna sem þeir hafa í viðkomandi landi.

Þetta fyrirkomulag leiðir til þess að af sömu tekjum þarf að greiða skatt tvisvar sinnum, einu sinni á Íslandi og einu sinni í hinu erlenda landi þar sem viðkomandi tekjur eru upprunnar. Það er ljóst að slík skattlagning er verulega skaðleg fyrir fjölbjóðleg viðskipti og þau fyrirtæki sem stunda þau.

Í grundvallaratriðum eru tvær lausnir á vandamálinu. Annars vegar gera ríki tvísköttunarsamninga sín á milli sem takmarka réttindi beggja til skattlagningar í þeim tilgangi að koma í veg fyrir að sömu tekjur eins aðila verði skattlagðar tvisvar. Hins vegar getur sú staða oft komið upp að enginn tvísköttunarsamningur hefur verið gerður af viðkomandi ríkjum, því setja flest ríki einhliða reglur í skattalögum til lausnar vandans.

Tvískattlagning er almennt viðurkennd sem hindrun við viðskiptum milli ríkja til tjóns fyrir efnahag viðkomandi ríkja og hamlandi fyrir efnahagslega

velferð. OECD, aðrar fjölþjóðlegar stofnanir auk aðildarríkja ESB hafa lagt mikla vinnu í að leysa þennan vanda með töluverðum árangri án þess að fullkomin lausn liggi fyrir. En hvort sem tilraunir til lausnar vandans felast í tvísköttunarsamningum eða einhliða lagasetningu er tveimur megináðferðum beitt til þess að leysa hann.

Þessum aðferðum er lýst í köflum 2.2. og 2.3. auk þess sem aðferðirnar eru skoðaðar með ýtarlegri hætti í 5. kafla, en um er að ræða frádráttaraðferðina (*e. credit method*) og undanþáguaðferðina (*e. exemption method*). Þó markmið beggja aðferðanna sé að aflétta tvísköttun er munur á því hvaða leið er farin að markmiðinu og niðurstöður geta verið mismunandi.

Flestir tvísköttunarsamningar sem til eru í heiminum eru byggðir á samningsfyrirmynd OECD en samkvæmt henni gerir OECD ekki upp á milli aðferðanna heldur er gefinn kostur á því að velja hvor þeirra er notuð, sbr. nú 23. gr. A og B samningsfyrirmyndar OECD frá 2005.

Frádráttaraðferðin byggir á þeirri hugmyndafræði að það skipti ekki máli hvar sé fjárfest þar sem skattlagningin verður alltaf sú sama, þ.e. hlutleysi gagnvart því hvort fjárfest er erlendis eða innanlands. Samkvæmt hugmyndafræðinni má því segja að það skipti fyrirtæki ekki máli hvort það fjárfestir innanlands eða erlendis þar sem skattlagning hagnaðarins verður alltaf í samræmi við skattlagningu hagnaðar sem er til komin vegna innlendra fjárfestinga.

Undanþáguaðferðin byggir á þeirri hugmyndafræði að fyrirtæki sem fjárfestir njóti jafnræðis við aðra sem fjárfesta á viðkomandi markaði, þ.e. hlutleysi að því er varðar erlendar fjárfestingar. Samkvæmt hugmyndafræðinni má því segja að kjósi fyrirtæki að fjárfesta erlendis þá sé hagnaðurinn skattlagður eins og hagnaður annarra fyrirtækja í viðkomandi landi. Þannig er samkeppnisstaða á erlendum mörkuðum tryggð að því er varðar skatta.

2.2 FRÁDRÁTTARAÐFERÐIN

Frádráttaraðferðin felst í því að sú upphæð sem greidd er í skatt erlendis af tekjum með erlendan uppruna er dregin frá þeim skatti sem lagður er á í heimalandi vegna sömu tekna. Ýmsar útfærslur eru til á aðferðinni en hér verða tvær meginhugmyndir útskýrðar.

Full frádráttaraðferð (*e. Full Credit*) er útfærsla sem felst í því að allur hinn erlendi skattur er leyfður til frádráttar. Það þýðir að frádrátturinn getur numið hærri upphæð heldur en skattlagningin í heimalandinu næmi. Þá þarf að ákveða hvernig umfram upphæðin er meðhöndluð, þ.e. hvort hún er frádráttarbær frá skatti sem lagður er á aðrar tekjur sama árs, hvort hún er endurgreidd skattþegni, o.s.frv. Nú eru fá ríki ef nokkur sem beita slíkri aðferð sem meginaðferð.

Venjuleg frádráttaraðferð (*e. Ordinary Credit*) er sú að ferð sem jafnan er beitt í þeim ríkjum sem nota frádráttaraðferðina. Í henni felst að frádráttur er einungis leyfður að því marki sem skattlagning teknanna í heimalandi nemur. Umfram upphæðin flyst þá jafnan fram á næsta ár til frádráttar en þar sem hún leiðir af hærri skatthlutfalli erlendis nýtist hún líklega aldrei til frádráttar nema það komi til meiriháttar skattkerfisbreytingar í öðru hvoru landinu sem í hlut eiga. Í samningsfyrirmynd OECD er gert ráð fyrir því að venjuleg frádráttaraðferð sé notuð.

2.3 UNÐANÞÁGUAÐFERÐIN

Undanþáguaðferðin (*e. Exemption Method*) felst í því að tekjur með erlendan uppruna eru undanþegnar skattlagningu í heimalandi. Ýmsar útfærslur eru til á aðferðinni en hér verður vikið að tveimur meginhugmyndum.

Skattaundanþága (*e. Tax Exemption*) felst í því að allar tekjur innlenda fyrirtækisins eru reiknaðar og það hlutfall þeirra sem nemur hlutfalli tekna sem eiga erlendan uppruna af heildartekjum félagsins er undanþegið

innlendra skattlagningu. Þannig er einungis greiddur sá skattur af tekjum með erlendan uppruna sem lagður er á þær í viðkomandi landi.

Tekju undanþága (*e. Income Exemption*) felst í því að tekjur með erlendan uppruna eru ekki reiknaðar með heildartekjum fyrirtækis vegna skattlagningar innanlands. Það leiðir til sömu niðurstöðu, þ.e. að einungis er greiddur sá skattur af tekjum með erlendan uppruna sem lagður er á þær í viðkomandi landi.

Hafa verður í huga að þrátt fyrir að aðferðirnar tvær leiði til sömu niðurstöðu í einföldum tilvikum þá er ekki svo í öllum tilvikum. Afleiðing þess að nota tekju undanþágu er sú að tap, þ.e. neikvæðar tekjur, af erlendum uppruna verður ekki frádráttarbært frá tekjum fyrirtækisins þar sem það er ekki tekið með í reikninginn þegar heildartekjur þess eru ákvarðaðar vegna skattlagningar. Þetta verður að teljast óheppileg niðurstaða þar sem oft verður tap í upphafi rekstrar sem jafnar sig svo á síðari árum.

Í samningsfyrirmynd OECD er gert ráð fyrir að skattaundanþágan sé notuð.

Fjöl margar útgáfur af þessum meginreglum eru til enda ýmsar skoðanir uppi meðal og innan ríkja varðandi það hvernig málum skuli háttáð. Hér er ekki efni til þess að útlista nánari útfærslur og tæknilegar reglur enda um nær ómögulegt verk að ræða þar sem að sennilega eru ekki mörg dæmi þess að ríki beiti nákvæmlega sömu reglu. Þá verður ekki farið í tæknilegar skýringar á reglum OECD samningsfyrirmyndarinnar. Heldur verður reglunum lýst eins og þær virka í grunninn svo skilja megi undirstöður aðferðanna.

Í 5. kafla verður grunnaðferðunum lýst nákvæmlega og þær niðurstöður sem beiting þeirra leiðir til bornar saman.

KAFLI 3

GRUNNREGLUR

ÍSLENSKRA LAGA TIL AÐ AFLÉTTA

TVÍSKÖTTUN

3.1 ALMENNA REGLAN

Útrás íslenskra einstaklinga og fyrirtækja hefur sennilega aldrei verið meiri í sögu landsins en auknum viðskiptum erlendis fylgja ákveðin skattaleg vandamál. Íslensk löggjöf verður að teljast vanþróuð með tilliti til slíkra vandamála en reglu sem koma á í veg fyrir tvísköttun er að finna í 5. mgr. 119. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt og eignarskatt (tsl):

„Nú er eigi fyrir hendi samningur við annað ríki um að komast hjá tvísköttun á tekjum og eignir skv. 1. mgr. og skattaðili, sem skattskyldur er hér á landi skv. 1. og 2. gr., greiðir til opinberra aðila í öðru ríki skatta af tekjum sínum og eignum sem skattskyldar eru hér á landi og er þá skattstjóra heimilt, samkvæmt umsókn skattaðila, að lækka tekjuskatt og eignarskatt hans hér á landi með hliðsjón af þessum skattgreiðslum hans.“

Fyrsti hluti greinarinnar vísar til tvísköttunarsamninga varðandi afléttingu tvísköttunar en um þá verður fjallað í þriðja kafla. Að öðru leyti er greinin of óskýr.

Í fyrsta lagi er ekki kveðið á um skyldu skattstjóra til þess að bregðast við þegar íslenskir aðilar verða fyrir tvísköttun. Aðeins er um heimild að ræða og ekkert kveðið á um það hvenær hana skuli nýta. Eðlilegra væri að skylda til að aflétta tvísköttun í samræmi við lög væri ótvíræð og ætti alltaf við að

fullnægðum skýrum skilyrðum laga. Stjórnsýslulög ættu að koma í veg fyrir að mismunandi niðurstöður verði varðandi sambærileg viðskipti, það verður hins vegar að teljast óheppilegt að almennar reglur sem þessi séu ekki skýrari þar sem það kemur í hlut mismunandi embætta að beita þeim. Þá er ljóst að alvarlega getur verið brotið á skattþegnum verði mismunandi niðurstöður í sambærilegum málum, það á við bæði gagnvart íslenskum lögum og samningsskuldbindingum sem Íslendingar hafa tekist á herðar.

Í öðru lagi er ekkert kveðið á um það hvernig skattstjóri kemur í veg fyrir tvísköttun komi til þess að hann nýti heimild ákvæðisins. Þó kemur fram að skatt hér á landi eigi að lækka með hliðsjón af erlendum skattgreiðslum. Ómögulegt er að lesa út úr ákvæðinu annað en að lækkunin komi til vegna erlendra skattgreiðslna. Spyrja mætti hvað teljist til erlendra skattgreiðslna? Falla t.d. greiðslur til staðbundinna erlendra stjórnvalda innan ríkis hér undir, greiðslur fyrir afnotarétt af náttúruauðlindum sem kallaðar eru skattur, hve langt má vera um liðið síðan greiðslur fóru fram, skiptir máli hvort hinn erlendi skattur var lagður á bruttó tekjur eða nettó, á lækkun á skattgreiðslum aðila við á því ári sem erlendi skatturinn var greiddur, ári sem sótt er um lækkunina eða jafnvel seinni ár, o.s.frv.?

Það að hægt sé að spyrja slíkra grundvallarspurninga án þess að nokkur svör séu í reglunni sýnir best hve vanþróuð hún er. Þó það megi teljast eðlilegt miðað við gildandi viðskiptaumhverfi þegar hún var sett verður þetta að teljast óverjandi miðað við umhverfið í dag og þá miklu hagsmuni sem eru undir.

Svo virðist sem ákvæðið eigi að kveða á um hina venjulegu frádráttaraðferð og að því hafi verið beitt í samræmi við það.

Miðað við það felst íslenska aðferðin í grófum dráttum í því að dregið er frá skattgreiðslum skattaðila þær skattgreiðslur sem hann greiðir erlendis, en einungis að því marki sem hann hefði greitt hér á landi.

Til útskýringar er rétt að taka dæmi um íslenskt hlutafélag með útibú í landi þar sem skatthlutfallið er 30%. Árið 2004 var þetta félag með 100 í hagnað vegna starfseminnar í útibúinu og greiddi því 30 í skatt í viðkomandi landi. Tekjurnar eru svo taldar fram hér á landi, enda um hagnað félagsins að ræða, og því greiddi félagið aftur 18 af sama hagnaði eða 48 í allt. Beiting venjulegrar frádráttaraðferðar á Íslandi leiðir hins vegar til þess að álagður skattur hér á landi verður ekki 18 heldur 0. Félagið greiðir því á endanum 30.

Athygli vekur að nánari útfærslu aðferðarinnar er ekki að finna í íslenskum lögum og við hvaða tekjuár frádráttur miðast. Jafnframt er ekkert kveðið á um það hvort lækkunin sé að einhverju leyti takmörkuð við tegund tekna, við það hvaðan tekjur eru upprunnar, o.s.frv.

Þessi útfærsla aðferðarinnar er í stuttu máli sagt ófullnægjandi. Til skýringar er rétt að benda á eftirfarandi:

Ekki er kveðið á um hvað verður um umframskattgreiðslur fyrirtækis, þ.e. það sem greitt er umfram þau 18% sem á Íslandi hefði átt að greiða.

Ekki er kveðið á um nokkur tengsl við önnur ár, hvorki fyrri ár né síðari.

Ekki er kveðið á um meðferð þegar tap verður af erlendri starfsemi eða af innlendri starfsemi.

Miðað við þetta eru afleiðingarnar þær að viðkomandi fyrirtæki situr uppi með frádráttarbæran erlendan skatt sem væntanlega fellur niður þar sem ekkert er kveðið á um að hann megi nýta á seinni árum.

Þá verður til innflutningur á erlendu tapi þegar tap verður á hinn erlendu starfsemi þar sem ekkert er kveðið á um hvernig eigi að meðhöndla erlendar tekjur á seinni árum þegar rétt væri að flytja tapið aftur úr landi með þeim

hætti að draga úr frádrætti. Þessu má lýsa þannig með tölulegum hætti að ef tekjur upprunnar á Íslandi eru 100 en tap erlendis (sama skatthlutfall og á Íslandi) er jafnframt 100 sama ár þá eru heildartekjur fyrirtækis 0 og því enginn skattur álagður á Íslandi. Séu tekjur fyrirtækisins jákvæðar bæði innanlands og erlendis á næsta ári, 100 í hvoru landi, þá verður frádráttaraðferðinni beitt þannig að Ísland fær 18 greitt í skatt auk þess sem 18 er greitt erlendis. Séu heildartekjur fyrirtækisins sem upprunnar eru á Íslandi fyrir árin tvö skoðaðar kemur í ljós að þær eru 200 en skatturinn sem greiddur var er einungis 18. Því verður ríkissjóður af skatttekjum í slíkum tilvikum. Á hinn bóginn verður til tvísköttun þegar tap er af innlenda hluta starfseminnar og aflétting tvísköttunar næst ekki fram auk þess sem staðan verður ekki leiðrétt þegar hagnaður verður á ný. Þessu má lýsa þannig með tölulegum hætti að ef sama fyrirtæki tapar 100 á Íslandi en hefur 100 í tekjur erlendis sama ár þá er enginn frádráttur veittur á Íslandi þar sem heildartekjurnar eru 0, þó er greitt 18 í skatt erlendis. Séu tekjur fyrirtækisins jákvæðar bæði innan ríkis og erlendis á næsta ári, 100 í hvoru landi, þá verður frádráttaraðferðinni beitt þannig að Ísland fær 18 greitt í skatt auk þess sem 18 er greitt erlendis. Séu heildartekjur félagsins fyrir tímabilið skoðaðar kemur í ljós að þær voru 200 en greiddur skattur nemur 18 fyrra árið og 36 seinna árið. Heildarskattgreiðslan er því 54 af 200 í tekjur þrátt fyrir að bæði ríkin beiti 18% skatthlutfalli. Því tapar skattaðili í slíkum tilvikum.

Loks er rétt að víkja að því að venjulega frádráttaraðferðin er ekki samkvæm sjálfri sér þar sem að frádráttur vegna erlendra skattgreiðslna fer ekki fram að fullu nema í þeim tilvikum sem erlenda skatthlutfallið er lægra en hið íslenska. Því er það svo að farið er með erlendar skattgreiðslur með mismunandi hætti eftir því hvar skatturinn er greiddur. Þetta misræmi er mjög skiljanlegt þar sem að beiting fullrar frádráttaraðferðar þýðir að viðkomandi land getur lent í því að fjármagna skatttekjur annars lands, að sjálfsgöðu ætti ekkert land að vera tilbúið til þessa.

Sé það sett í samhengi við EES samninginn þá er meðferð erlendra skattgreiðslna mismunandi eftir því hvaða EES landi er fjárfest í og hugsanlega mætti halda því fram að þetta sé ekki í samræmi við reglur samningsins. Rétt er að taka fram að slík niðurstaða er fjarri því að vera augljós en óvarlegt er að líta framhjá skuldbindingum okkar samkvæmt EES samningnum þar sem að sambærilegar reglur og finna má í honum hafa leitt til þess að ríki ESB hafa þurft að breyta grundvallargerð skattkerfa sinna.

3.2 SÉRREGLA UM ARÐ

Sérstök regla gildir um arð sem móttækin er af íslenskum félögum en í henni felst að arður er frádráttarbær frá skattskyldum tekjum. Í 9. tl. 31. gr. tsl. um frádráttarbærni arðs segir m.a. eftirfarandi:

„Þá fjárhæð sem hlutafélög, ... hafa fengið greidda í arð... Ákvæði 1. málsl. skal einnig taka til arðs frá hlutafélögum sem skráð eru erlendis ef það félag sem arðinn fær sýnir fram á að hagnaður hins erlenda félags hafi verið skattlagður með sambærilegum hætti og gert er hér á landi. Frádráttur samkvæmt þessari málsgrein er bundinn því skilyrði að það skatthlutfall sem lagt er á hagnað hins erlenda félags sé eigi lægra en almennt skatthlutfall í einhverju aðildarríkja Efnahags- og framfarastofnunarinnar í París (OECD). Fjármálaráðherra skal setja nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.“

Tengslin milli þessarar reglu og almennu reglunnar eru ekki að fullu skýr. Vissulega er kveðið á um frádráttarbærni ákveðinnar tegundar tekna sem leiðir til þess að þær verða ekki skattlagðar í hendi félagsins. Það er hins vegar gert óháð því hvort þær hafa þegar verið skattlagðar í hendi þess af skattyfirvöldum í öðru landi. Því mætti halda því fram að sérákvæðið um frádráttarbærni arðs tengist almennu reglunni um afléttingu tvísköttunar ekki með neinum hætti. Þá gæti komið upp sú staða að tekjur eru ekki skattlagðar í hendi félags sem jafnframt fer fram á lækkun skatta vegna skattgreiðslna erlendis.

Óljóst er hvernig rétt viðbrögð væru við slíku þar sem engar takmarkanir eru

settar í hinni vanþróðu reglu 119. gr. Ekkert er kveðið á um að lækkunin komi einungis til vegna skattlagningar á ákveðnum tekjum, ákveðinni tegund tekna, teknum af ákveðnum uppruna o.s.frv. Því er sá möguleiki fyrir hendi að arður sé í raun ekki skattlagður í hendi félags af íslenskum skattyfirvöldum en félagið fari fram á lækkun skattgreiðslna vegna skatts sem greiddur er af sama arði til erlendra skattyfirvalda.

Hins vegar gerir 9. tl. 31. gr. ráð fyrir því að sú staða geti komið upp að frádráttur eigi ekki við vegna lágrar skattlagningar á hagnað erlends félags. Ekki eru efni til þess hér að greina hvaða ástæður geti valdið því að slíkt komi upp en þær eru verulega óljósar, sem dæmi má nefna orðið "sambærilega". Óvíst er til hvers er verið að vísa, kerfisins í heild, skatthlutfalls, skattstofns eða annarra atriða.

Hér er hins vegar ástæða til þess að líta til tveggja grundvallaratriða varðandi tvískattlagningu arðs. Í fyrsta lagi er skattlagning hagnaðar hins erlenda félags látin ráða frádráttarbærni hjá öðru félagi hér á landi. Til útskýringar mætti hugsa sér að frádrætti sé hafnað þar sem hagnaður erlenda félagsins er skattlagður í 10% hlutfalli, hins vegar er það algengt að arðgreiðslur úr landi séu skattlagðar í hendi erlends viðtakanda í viðkomandi landi með því að halda eftir hlutfalli af arðgreiðslunni, t.d. 15 - 20%. Tekjur erlenda félagsins sem greiðir arðinn hafa því mögulega verið skattlagðar í 10% og arðgreiðslan svo skattlögð í hendi Íslenska félagsins með 20% hlutfalli en frádráttur samt óheimill.

Í öðru lagi mætti halda því fram að ef frádrætti er hafnað þá geti fyrirtæki farið fram á afléttingu tvísköttunar skv. 119. gr. en þar sem ekki er kveðið á um það í lögum hvernig tengsl 9. tl. 31. gr. og 119. gr. er háttað gæti reynst erfitt fyrir skattstjóra að hafna meðferð skv. 119. gr. vegna þess að tekjur eru ekki frádráttarbærar skv. 31. gr.

Reglur um arð eru því óljósar og erfitt fyrir fyrirtæki að sjá fyrir hvernig

skattaleg meðferð móttækis arðs verður. Þessi óvissa getur m.a. haft tvennar afleiðingar í för með sér.

Í fyrsta lagi er óvissa til þess fallinn að hamla fjárfestingum þar sem um verulegan kostnaðarauka getur verið að ræða komi til ófyrirséðar skattlagningar, jafnvel tvískattlagningar sem ekki er hægt að aflétta.

Í öðru lagi virðist ljóst að ef þessi óvissa hamlar ekki fjárfestingu í upphafi þá er hún til þess fallin að valda því að reynt verði að komast hjá því að arður verði greiddur út, þ.e. afleiðingin er sú að mögulegur hagnaður af fjárfestingunni skilar sér ekki til Íslands vegna óskýrrar og óheppilegrar lagasetningar.

Ef ástæðan fyrir þessari aðferð við lagasetningu er sú að neita eigi frádrætti arðs frá fyrirtækjum í svokölluðum skattaparadísnum þá væri einfaldara og skýrara að tilgreina þau ríki eða fyrirtæki sem valda því að frádrætti verður hafnað. Óljósar skattareglur eru til þess fallnar að valda bæði skattgreiðendum og ríkissjóði tjóni.

KAFLI 4

AÐFERÐIR

TIL AÐ AFLÉTTA TVÍSKÖTTUN Í ÞEIM SAMNINGUM SEM ÍSLAND ER AÐILI AÐ

Íslenska ríkið er aðili að 23 tvísköttunarsamningum. Við athugun á ákvæðum þeirra um aðferðir við að aflétta tvísköttun kemur í ljós að lítið samræmi er á milli þeirra varðandi þá aðferð sem notuð er við að aflétta tvísköttun af Íslands hálfu. Í 14 af samningunum er beitt undanþáguaðferð en í 9 þeirra er beitt frádráttaraðferð.

Það vekur athygli að ekki er notuð sama aðferðin í þeim öllum. Jafnframt vekur athygli að ekki er vísað til íslenskra laga varðandi aðferðina en algengt er að slík leið sé farin í tvísköttunarsamningum þar sem að skattkerfi ríkja eiga það til að breytast nokkuð ört. Slík tilvísun tryggir að tvísköttunarsamningar séu í samræmi við reglur viðkomandi skattkerfis hverju sinni það gerir það að verkum að skattþegn getur verið viss um hvaða reglur gildi að því er þetta varðar þegar hann stundar viðskipti sín. Slík vísna hlýtur að vera eftirsóknarverð jafnt fyrir ríki sem skattþegna.

Sú aðferð sem kveðið er á um að notuð sé af Íslands hálfu í tvísköttunarsamningum ræðst almennt ekki af afstöðu hins samningsaðilans heldur stefnu Íslands. Við skoðun samningana kemur þó í ljós að lítið samræmi er innbyrðis milli þeirra reglna sem Ísland beitir. Það verður þó að taka fram að samningar sem gerðir eru í seinni tíð eru byggðir á venjulegri frádráttaraðferð á meðan eldri samningar kveða á um undanþáguaðferð.

Töluleg niðurstaða er því þessi:

14 af þeim tvísköttunarsamningum sem Íslendingar hafa gert
kveða á um undanþágu.

9 af þeim tvísköttunarsamningum sem Íslendingar hafa gert
kveða á um venjulegan frádrátt.

Þá er að finna tvær mismunandi útgáfur frádráttarreglunnar í íslenskum lögum, þ.e. í lögum um tekjuskatt og í lögum um erfðafjárskatt. Misræmið milli þeirra er síst til þess fallið að minnka þá óvissu sem er um hvers kyns aðferð er beitt samkvæmt íslenskum rétti.

Þetta er undarlegt þar sem um verulega mikilvægt atriði er að ræða varðandi skattalegt umhverfi íslenskra fyrirtækja sem starfa á erlendri grundu. Skortur á stefnufestu að því er varðar starfsemi íslenskra fyrirtækja erlendis er hvorki viðunandi fyrir þau fyrirtæki né fyrir íslensk yfirvöld þar sem afleiðingin verður óvissa og of flókið kerfi.

KAFLI 5

SAMANBURÐUR

Á ÞEIM TVEIMUR AÐFERÐUR SEM OECD
MÆLIR MEÐ VIÐ AÐ AFLÉTTA TVÍSKÖTTUN

5.1 VENJULEGUR FRÁDRÁTTUR

Þar sem venjulega frádráttaraðferðin er sú aðferð sem almennt er beitt í þeim ríkjum sem aðhyllast þá hugmyndafræði sem í henni felst verður hún skoðuð nánar hér. Til skýringar er gott að nota tölulegt dæmi. Fyrirtæki í landi A þar sem skatthlutfall er 30% er með útibú í landi B þar sem skatthlutfall er 25%.

Álagður skattur án þess að tekið sé tillit til frádráttar vegna tvísköttunar er innan hornklofa.

	Hagnaður	Skattgreiðsla
Fyrirtæki í landi A (30%)	100	
Fyrirtæki í landi B (25%)	100	[25]
Heildarhagnaður	200	[60]

Á heildartekjur sem nema 200 er lagt 60 í skatt í heimalandi, A. Vegna þess að 100 af tekjunum á uppruna sinn að rekja til starfsemi í landi B hefur þegar verið lagður á þann hluta teknanna skattur sem nemur 25. Land A, sem beitir venjulegum frádrætti, dregur því 25 frá reiknuðum skatti og leggur í raun skatt sem nemur 35 á fyrirtækið.

Heildarskattgreiðsla fyrirtækisins nemur því 60 eða 30% af heildartekjum félagsins. Það er í samræmi við hugmyndina að baki venjulegri frádráttaraðferð, þ.e. fyrirtækið greiðir 30% skatthlutfall heimalandsins óháð

því hvar það fjárfestir.

Fróðlegt er að setja dæmið upp þannig að það eigi við íslenskar aðstæður. Skatthlutfall helstu viðskiptaríkja Íslands er almennt hærra heldur en á Íslandi. Til einföldunar er hér miðað við 30% skatthlutfall erlendis.

	<i>Hagnaður</i>	<i>Skattgreiðsla</i>
Ísland (18%)	100	
Útland (30%)	100	[30]
Heildarhagnaður	200	[36]

Á heildartekjur sem nema 200 er lagt 36 í skatt á Íslandi. Hins vegar er skatthlutfallið hærra í Útlandi þannig að þar er lagður á skattur sem nemur 30 vegna tekna sem nema 100. Ísland beitir venjulegum frádrætti og dregur því 18 frá reiknuðum skatti á Íslandi, þ.e. það hlutfall sem hefði verið greitt í skatt miðað við skatthlutfallið á Íslandi.

Heildargreiðsla fyrirtækisins nemur því 48 eða 24% af heildartekjum félagsins. Athyglisvert er að hugmyndin að baki frádráttarkerfinu gengur ekki upp. Það kemur til vegna þess að álagður skattur á erlenda hluta fyrirtækisins er lagður á samkvæmt hærra skatthlutfalli. Venjulega frádráttaraðferðin er því ekki samkvæm sjálfri sér þegar erlenda skatthlutfallið er hærra en hið innlenda, þegar sú staða er uppi er niðurstaðan í raun sú sama og þegar beitt skattaundanþágu sbr. kafla 5.3.

Í þessu sambandi verður að leggja áherslu á að vegna umbóta á íslenska skattkerfinu í tíð núverandi og síðustu ríkisstjórna er þessi staða oftar en ekki uppi, þ.e. erlenda skatthlutfallið er hærra en hið íslenska.

Rétt er að ítreka að frádráttarregla íslenskra skattalaga er vanþróuð og ekkert er kveðið á um það hvort umframskattlagningin getur mögulega nýst til frádráttar á síðari árum. Jafnframt er ekkert kveðið á um meðhöndlun taps,

hvorki á íslenska hluta starfseminnar né erlenda hlutanum. Það leiðir til þess að tekjur geta verið skattlagðar of lágt eða of hátt, allt eftir því hvoru megin tapið lendir og hvenær.

Annað sem ætti að vera tekið á í frádráttarreglu er það hvort blanda má saman frádrætti vegna erlendar starfsemi í mismunandi ríkjum með mismunandi skatthlutföll en ekkert er á það minnst í reglunni. Það verður því ekki komist hjá því að telja íslensku regluna ófullnægjandi.

5.2 FULLUR FRÁDRÁTTUR

Í ljósi mismunandi orðalags í frádráttaraðferð tekjuskattslaga og laga um erfðafjárskatt er rétt að skoða aðferð við fullan frádrátt, þar sem sú aðferð er gagnleg til skilnings á venjulegu frádráttaraðferðinni. Til skýringar er rétt að setja aftur upp einföld dæmi með sama hætti og gert er í 5.1. Álagður skattur án þess að tekið sé tillit til frádráttar vegna tvísköttunar er innan hornklofa.

Á heildartekjur sem nema 200 er aftur lagt 60 í skatt í heimalandi, A. Vegna þess að 100 af tekjunum á uppruna sinn að rekja til starfsemi í landi B hefur þegar verið lagður á þann hluta teknanna skattur sem nemur 25. Land A, sem beitir fullum frádrætti, dregur því 25 frá reiknuðum skatti og leggur í raun skatt sem nemur 35 á fyrirtækið.

	Hagnaður	Skattgreiðsla
Fyrirtæki í landi A (30%)	100	
Fyrirtæki í landi B (25%)	100	[25]
Heildarhagnaður	200	[60]

Heildarskattgreiðsla fyrirtækisins nemur því 60 eða 30% af heildartekjum félagsins. Sú niðurstaða er sú sama og ef venjulegri frádráttaraðferð væri beitt. Hugmyndafræðin er hins vegar ekki alveg eins, þ.e. fyrirtækið á að greiða skatt í samræmi við hlutfallið í heimalandi en engin takmörk eru á frádrættinum eins og þegar um venjulegan frádrátt er að ræða þannig að fyrirtækinu er bættur allur skattur sem lagður er á erlendis.

Í sjálfu sér skiptir í þessu dæmi engu hvort beitt er venjulegri frádráttaraðferð eða fullri frádráttaraðferð. Þetta horfir hins vegar öðruvísi við þegar skatthlutföllin eru önnur, sérstaklega þegar skatthlutfallið erlendis er hærra heldur en skatthlutfallið í heimalandinu.

Því er fróðlegt er að setja dæmið aftur upp þannig að það eigi við íslenskar aðstæður en eins og fyrr segir er skatthlutfall helstu viðskiptaríkja Íslands einmitt almennt hærra heldur en á Íslandi. Til einföldunar er hér aftur miðað við 30% skatthlutfall.

Á heildartekjur sem nema 200 er lagt 36 í skatt á Íslandi. Hins vegar er skatthlutfallið hærra í Útlandi þannig að þar er lagður á skattur sem nemur 30 vegna tekna sem nema 100. Þegar Ísland beitir fullum frádrætti er 30 dregið frá reiknuðum skatti á Íslandi, þ.e. upphæð erlendu skattgreiðslunnar er frádráttarbær frá álögðum skatti á Íslandi að fullu.

	<i>Hagnaður</i>	<i>Skattgreiðsla</i>
Ísland (18%)	100	
Útland (30%)	100	[30]
Heildarhagnaður	200	[36]

Heildargreiðsla fyrirtækisins nemur því 36 eða 18% af heildartekjum félagsins. Athyglisvert er að þessi niðurstaða er í samræmi við hugmyndina að baki frádráttarkerfinu, þ.e. íslenska fyrirtækið greiðir sama skatthlutfall hvort sem það fjárfestir heima eða erlendis.

Þessari aðferð er hins vegar almennt hafnað af augljósum ástæðum. Segja má að svona kerfi hefti sjálfstæði ríkis til að ákveða hvernig eigið skattkerfi er sett upp, auk þess má segja að svona kerfi opni á möguleika viðskiptaríkja til þess að færa skatttekjur íslenskra fyrirtækja frá Íslandi. Það sést t.d. af dæminu að ofan að þegar Útland hækkar skatthlutfall sitt í 36% þá verður enginn skattur lagður á á Íslandi en álagning á fyrirtækið breytist ekkert.

5.3 UNÐANPÁGA

Finna má þeim tveimur aðferðum sem þegar hefur verið lýst stoð í íslenskum rétti þrátt fyrir að slíkar heimildir séu bæði óljósar og vanþróaðar. Hið sama má segja um undanþáguaðferðina en hér verður einungis lýst skatt- undanþágunni þar sem að tekju-undanþágunni er almennt ekki beitt.

Til skýringar er rétt að setja aftur upp einföld dæmi með sama hætti og gert er í 5.1. og 5.2. Álagður skattur án þess að tekið sé tillit til undanþágu vegna tvísköttunar er innan hornklofa.

Á heildartekjur sem nema 200 er aftur lagt 60 í skatt í heimalandi, A. Vegna þess að 100 af tekjunum á uppruna sinn að rekja til starfsemi í landi B hefur þegar verið lagður á þann hluta teknanna skattur sem nemur 25. Þar sem land A beitir skattaundanþágu er fyrirtækið undanþegið þeirri álagningu sem lögð hefði verið á tekjurnar með erlendan uppruna, þ.e. 30% af 100 eða 30. Því er

	<i>Hagnaður</i>	<i>Skattgreiðsla</i>
Fyrirtæki í landi A (30%)	100	
Fyrirtæki í landi B (25%)	100	[25]
Heildarhagnaður	200	[60]

30 dregið frá reiknuðum skatti þannig að Land A leggur í raun skatt sem nemur 30 á fyrirtækið.

Heildarskattgreiðsla fyrirtækisins nemur því 55 sem er minna en 30% af heildartekjum félagsins. Sú niðurstaða er í samræmi við þá hugmyndafræði sem liggur að baki undanþáguaðferðinni. Fyrirtækinu er gert kleift að keppa við fyrirtæki í landi B á jafnréttisgrundvelli að því er varðar skatta.

Í samræmi við lýsingarnar á frádráttaraðferðunum er fróðlegt er að setja dæmið aftur upp þannig að það eigi við íslenskar aðstæður þar sem skatthlutfall erlendis er jafnan hærra en á Íslandi. Til einföldunar er hér enn

miðað við 30% skatthlutfall.

Á heildartekjur sem nema 200 er lagt 36 í skatt á Íslandi. Hins vegar er skatthlutfallið hærra í Útlandi þannig að þar er lagður á skattur sem nemur 30 vegna tekna sem nema 100. Þegar Ísland beitir skatt undanþágu aðferðinni þá undanþiggur það tekjurnar af erlenda upprunum skattlagningu, því nemur

	<i>Hagnaður</i>	<i>Skattgreiðsla</i>
Ísland (18%)	100	
Útland (30%)	100	[30]
Heildarhagnaður	200	[36]

undanþágan þeirri upphæð sem hefði verið lögð á hér á landi hefðu tekjurnar átt íslenskan uppruna. Undanþágan nemur því 18% af 100 eða 18.

Heildargreiðsla fyrirtækisins nemur því 48 eða 24% af heildartekjum félagsins. Athyglisvert að þetta er nákvæmlega sama tölulega niðurstaða og í 4.1. þar sem venjulegum frádrætti var lýst. Ástæðan fyrir því er að venjulega frádráttaraðferðin er takmörkuð og ósamkvæm sjálfri sér sem lýsir sér í því að hún skilar sömu niðurstöðu og skattaundanþágan. Segja má að undanþáguaðferð henti smáum ríkjum eins og Íslandi vel.

Í fyrsta lagi búa íslensk fyrirtæki við smáan markað og íslenskur efnahagur háður útrás þeirra þar sem nær allur markaður fyrir íslenskar vörur er á erlendri grund. Því er eðlilegt að skattalegt umhverfi íslenskra fyrirtækja sé með þeim hætti að þau geti keppt við erlend fyrirtæki á jafnréttisgrundvelli.

Í öðru lagi hafa miklar umbætur í íslensku skattkerfi gert Ísland að fýsilegri kosti fyrir erlenda fjárfestingu. Hugmyndin um Ísland sem höfn höfuðstöðva er framtíðarsýn sem stefna ber að og vel hefur miðað á undanförunum árum. Ef slík framtíðarsýn á að verða að veruleika verður að huga að skattareglunum bæði varðandi fjárfestingar inn í landið og út úr landinu. Til þess að Ísland verði í raun fýsilegur kostur er því brýnt að skattkerfið brengli

ekki fjárfestingar út úr landinu. Því takmarki er náð með beitingu undanþágukerfis.

Í þriðja lagi er rétt að víkja að augljósri spurningu, þ.e. hvort það skipti nokkru máli hvort beitt er skattaundanþágu eða venjulegri frádráttaraðferð þar sem niðurstaðan í dæmunum þar sem Ísland er haft til hliðsjónar er sú sama óháð hvorri aðferðinni er beitt.

5.4 MUNURINN MILLI SKATTAUNDANÞÁGU OG VENJULEGRAR FRÁDRÁTTARAÐFERÐAR

Í ljósi samanburðar á þeim aðferðum sem beitt er verður að svara þeirri eðlilegu spurningu hvort það skipti nokkru máli hvort beitt sé skattaundanþágu eða venjulegri frádráttaraðferð í ljósi þess að sama tölulega niðurstaðan verður í mörgum tilfellum þegar íslensk fyrirtæki fjárfesta erlendis óháð aðferð vegna hagstæðra breytinga sem orðið hafa á íslensku skatthlutfalli.

Þess ber fyrst að geta að í grundvallaratriðum er nálgunin í aðferðunum mismunandi. Því hefur þegar verið lýst að skattaundanþágan miðar að því að íslenskt skattkerfi sé hlutlaust að því er varðar erlenda fjárfestingu en venjulega frádráttaraðferðin miðar að því að íslensk fyrirtæki séu skattlögð samkvæmt íslensku skatthlutfalli hvort sem fjárfest er innanlands eða erlendis. Í raun er þó síðarnefnda aðferðin takmörkuð, þ.e. ef erlenda skatthlutfallið er hærra þá á hugmyndin ekki lengur við heldur er frádrátturinn takmarkaður með þeirri afleiðingu að töluleg útkoma verður hin sama og ef skattaundanþágu verði beitt.

Sú afstaða að takmarka frádráttaraðferðina með þessum hætti er skiljanleg, sbr. það sem fram kemur um gallana við að beita fullri frádráttaraðferð í 5.2. Því er þó ekki að neita að takmörkunin gerir það að verkum að hugmyndafræðin að baki aðferðinni gengur ekki upp nema í þeim tilvikum það er óhagstæðara fyrir viðkomandi fyrirtæki.

Spurningunni er þó enn ósvarað þó það sé ljóst að þegar skattaundanþágu er beitt virkar kerfið í samræmi við hugmyndafræðina en ekki þegar venjulegum frádrætti er beitt og erlenda skatthlutfallið er hærra en hið íslenska.

Til þess að svara spurningunni verður að hafa það í huga að íslenskum fyrirtækjum kann af ýmsum ástæðum að bjóðast fjárfestingartækifæri erlendis sem eru skattlögð í lægra hlutfalli en á Íslandi, t.d. beita nokkur lönd Evrópusambandsins lægra skatthlutfalli en Ísland gerir. Þá getur þetta komið upp varðandi ákveðnar fjárfestingar í ríkjum þar sem skatthlutfallið er hærra en á Íslandi, t.d. bjóða þróunarlönd oft upp á hagstæða meðferð sé fjárfest í þeim. Þegar sú staða er uppi eykur skatt undanþágan líkurnar á því að íslensk fyrirtæki nýti sér hagstæð tækifæri erlendis með þeim hag sem því fylgir fyrir íslenskan efnahag.

Af ýmsum ástæðum getur sú staða komið upp að ríki ákveði að lækka skattálögur á ákveðnum sviðum, jafnframt hafa ríki eins og Írland náð lengra í lækkun skatthlutfalls heldur en Ísland. Séu slík tækifæri fyrir hendi veldur venjuleg frádráttaraðferð því að skattalega skiptir það fyrirtæki engu hvort það nýtir sér viðskiptataekifærið eða ekki. Hins vegar gerir skattaundanþágan það að verkum að ef verkefnið er að öðru leyti hagstætt þá getur íslenskt fyrirtæki notið góðs af hagstæðum ytri skilyrðum með þeim afleiðingum að arður fjárfestingarinnar skili sér til Íslands. Þá veldur skatt undanþágan því að samkeppnisstaða íslenskra fyrirtækja verður í þessum tilfellum ekki lakari en fyrirtækja í viðkomandi landi.

Í þessu sambandi er rétt að benda á það að ef tækifæri á erlendri grund teljast hagstæð vegna hagstæðs skattumhverfis og íslenskt fyrirtæki vilja nýta sér þau þá eykur venjuleg frádráttaraðferð hættuna á því að fyrirtækið stofni hreinlega dótturfélag í landi þar sem undanþágu aðferð er beitt og að arður fjárfestingarinnar skili sér því ekki til Íslands. Á hinn bóginn er á það að líta að ef beitt væri skattundanþágu almennt á Íslandi þá væri það fýsilegri kostur

að staðsetja hér jafnt dótturfélög sem höfuðstöðvar sem stunda alþjóðleg viðskipti.

Þó aðferðirnar tvær skili sömu tölulegu niðurstöðu þegar skatthlutfall í fjárfestingarlandi er hærra en á Íslandi er það svo að frádráttaraðferðin getur haft hamlandi áhrif á fjárfestingar, veikt samkeppnisstöðu íslenskra fyrirtækja eða gert það að verkum að arður af fjárfestingum skili sér ekki til Íslands á meðan undanþáguaðferð gerir íslenskum fyrirtækjum kleift að vega kosti sína og meta án þess að íslenskt skattkerfi hafi truflandi áhrif á ákvarðanir þeirra.

5.5 YFIRLIT

Við samanburð ofangreindra aðferða sem allar eru notaðar að íslenskum rétti kemur eftirfarandi í ljós:

Venjulega frádráttaraðferðin hentar stærri ríkjum þar sem erlendir markaðir skipta minna máli.

Venjulega frádráttaraðferðin leiðir til sömu tölulegrar niðurstöðu og skattaundanþága í mörgum tilfellum þegar Ísland á í hlut vegna umbóta í skattkerfinu sem þegar hafa átt sér stað.

Venjulega frádráttar aðferðin sem beitt er að íslenskum rétti gengur ekki upp þegar taprekstur verður. Afleiðingin getur verið of mikil skattlagning eða of lítil skattlagning miðað við þá hugmyndafræði sem að baki aðferðinni liggur.

Full frádráttaraðferð leiðir í raun til þess að lækkun á íslensku skatthlutfalli úr því sem þegar er getur gert það að verkum að enginn skattur verður lagður á íslenskan hluta fyrirtækja.

Full frádráttaraðferð leiðir til þess að íslenskur ríkissjóður

fjármagnar skattheimtu þeirra ríkja sem samið hefur verið um fullan frádrátt við þannig að ef þau hækka skatthlutfall sitt lækka skatttekjur á Íslandi.

Skattaundanþágu aðferð veitir íslenskum fyrirtækjum, hvort sem þau eru í eigu erlendra eða íslenskra aðila, tækifæri til þess að keppa á erlendum mörkuðum án þess að íslenskt skattkerfi veiki samkeppnisstöðu þeirra.

Skattaundanþáguaðferðin fjarlægir hamlandi áhrif á fjárfestingar sem venjulega frádráttaraðferðin veldur.

Skattaundanþáguaðferðin hentar litlum ríkjum sem eru háð því að sækja á erlenda markaði.

KAFLI 6

TILLÖGUR

AÐ ÚRBÓTUM

6.1 AÐFERÐ VIÐ AÐ AFLÉTTA TVÍSKÖTTUN

Í íslenskum rétti er að finna of margar mismunandi aðferðir til þess að aflétta tvísköttun. Þó getur verið um að ræða meiriháttar hindrun við starfsemi íslenskra fyrirtækja á erlendri grundu ef um tvísköttun verður að ræða. Það er því brýnt að móta skýra stefnu og beita einföldum, auðskiljanlegum en vel útfærðum reglum til þess að ná þeirri stefnu fram.

Þær reglur sem er að finna í íslenskum lögum eru í besta falli óljósar og stuðla að óvissu sem eykur hættu á tvísköttun og getur valdið því að hagnaður af erlendum fjárfestingum skili sér ekki til Íslands. Það er því brýnt að bæta þær þannig að þær valdi hvorki óvissu þegar kemur að fjárfestingum erlendis né hamli slíkum fjárfestingum.

Regla 119. gr. tsl. er óljós og vanþróuð sem getur valdið tjóni bæði fyrir ríkissjóð Íslands sem og íslensk fyrirtæki með starfsemi erlendis. Það er því rétt að afnema regluna í núverandi mynd.

Valið milli þess hvort beita eigi frádráttaraðferð eða undanþáguaðferð ræðst af því hvernig starfsskilyrði Íslendingar vilja búa fyrirtækjum sínum sem hyggjast starfa á erlendri grundu. Valið verður að fara fram í ljósi þess að íslensk fyrirtæki búa við smáan heimamarkað þannig að fjárfestingar og starfsemi erlendis skipta höfuðmáli fyrir eðlilegan vöxt þeirra og viðgang.

Íslendingar þarfnast öflugra fyrirtækja og ber skylda til þess að gera íslenska löggjöf þannig úr garði að hún hamli hvorki fjárfestingum þeirra erlendis né dragi úr samkeppnishæfni þeirra.

Ef Ísland á að laða að erlenda fjárfestingu og verða höfn höfuðstöðva þá er eðli slíkrar starfsemi að hún fer fram í mörgum ríkjum. Því er það forsenda fyrir slíkri starfsemi á Íslandi að íslenskt skattkerfi skaði ekki samkeppnishæfni fyrirtækja á erlendri grundu heldur sé hlutlaust gagnvart henni og stuðli þannig að áhuga og fjárfestingu erlendra aðila á Íslandi.

Úrbætur á íslensku skattkerfi sem leitt hafa til samkeppnisfærs skatthlutfalls hafa það í för með sér að í mörgum tilvikum, þegar fjárfest er erlendis, verður niðurstaðan sú sama og ef beitt væri undanþáguaðferð. Miðað við núverandi aðstæður ættu tekjur ríkissjóðs því ekki að minnka við að beita eingöngu skattaundanþáguaðferð. Til lengri tíma litid er sú aðferð hins vegar bæði til þess fallin að styrkja íslensk fyrirtæki í erlendri samkeppni og að auka hér erlenda fjárfestingu sem aftur ætti að leiða til tekjuaukningar fyrir ríkissjóð. Því verður ekki séð að nein rök standi til þess að kveða á um frádráttaraðferð í lögum. Hins vegar getur sú aðferð valdið því að tækifæri erlendis glatist eða verði ekki jafn hagstæð fyrir atvinnulífið, og þar með íslenskan efnahag í heild, og möguleiki væri á.

Að því er skatta varðar er varla hægt að búa íslenskum fyrirtækjum betra umhverfi en svo að þau fái að starfa við sömu aðstæður og þau fyrirtæki sem fyrir eru á erlendum mörkuðum. Það verður ekki gert með frádráttaraðferð og því síður með þeirri vanþróðu frádráttaraðferð sem er að finna í íslenskum lögum. Hins vegar verður því markmiði náð með því að beita undanþáguaðferð við að aflétta tvísköttun. Því er lagt til að frádráttaraðferð verði afnumin að íslenskum lögum og að skatt-undanþáguaðferð verði tekin upp. Það er til þess fallið að styrkja hag íslenskra fyrirtækja, auka erlenda fjárfestingu á Íslandi og styrkja þannig hag ríkissjóðs.

6.2 ARÐUR ERLENDIS FRÁ

Óvissa í lögum varðandi móttækin arð frá erlendum félögum er skaðleg og getur bæði valdið því að ekki verði ráðist í hagkvæmir fjárfestingar erlendis og því að hagnaður af erlendum fjárfestingum skili sér ekki til Íslands. Úr þessu þarf að bæta. Sé vilji fyrir því að koma í veg fyrir arðgreiðslur hingað frá ákveðnum ríkjum þá þarf að kveða á um það í lögum með nákvæmni.

Ófært er að óvissa sé um arðgreiðslur, t.d. frá ríkjum innan EES svæðisins og frá ríkjum sem Ísland hefur gert tvísköttunarsamninga við. Annars vegar er Íslandi óheimilt að leggja hindranir í veg fjárfesta sem gera það að verkum að óhagstæðara er að fjárfesta annars staðar á EES svæðinu heldur en á Íslandi og hins vegar verður að telja íslensk yfirvöld telji þau ríki sem þau gera tvísköttunarsamninga við ekki hýsa óæskilega starfsemi.

Lagt er til að tekið verði til endurskoðunar hvernig komið er í veg fyrir tvísköttun arðs með tilliti til þess að óvissa er til tjóns bæði fyrir ríkissjóð og fyrirtæki. Jafnframt er mikilvægt að haft sé í huga að gildandi reglur séu skýrar og nákvæmar. Því væri rétt að móttækin arður félli undir skattundanþágu reglu til þess að koma í veg fyrir tvískattlagningu slíkra tekna sem annarra tekna íslenskra félaga.

6.3 ÓSAMRÆMI OG FJÖLDI SAMNINGA

Ósamræmi milli íslenskra laga og tvísköttunarsamninga er bagaleg, sem og ósamræmi milli einstakra tvísköttunarsamninga að því er varðar aðferðir til að aflétta tvísköttun. Þetta veldur óvissu varðandi skattlagningu tekna af fjárfestingum sem er til þess fallin að valda tjóni.

Þörf er á því að skýr stefna sé mörkuð varðandi það hvaða aðferð Ísland beitir. Í samræmi við það að lagt er til að undanþáguaðferð verði tekin upp í íslensk lög er lagt til að slíkri aðferð verði einnig beitt í öllum tvísköttunarsamningum sem Ísland gerir. Réttast væri að vísa til íslensku lagareglunnar í

tvísköttunarsamningum þannig að samræmi verði tryggt sem og skýrleiki reglunnar.

Í þessu sambandi þarf að taka þá tvísköttunarsamninga sem þegar hafa verið gerðir til skoðunar og færa þá til samræmis við reglu um skattaundanþágu þannig að ljóst sé hvaða aðferð gildi að íslenskum rétti. Af raunhæfum ástæðum er erfitt að breyta reglum samninga sem ríki hafa gert með sér. Því er rétt að passað verði upp á að reglur íslenskra laga bæti úr þeim vanköntum sem finna má á núgildandi tvísköttunarsamningum eins og hægt er.

Fjöldi tvísköttunarsamninga sem Íslendingar eru aðilar að er ekki nægur þar sem að hann tryggir ekki vernd íslenskra aðila fyrir tvísköttun auk þess sem of lítið net tvísköttunarsamninga er neikvætt fyrir erlenda fjárfesta sem hyggja á fjárfestingar á Íslandi. Því er lagt til að lögð verði áhersla á gerð tvísköttunarsamninga við sem flest ríki í náninni framtíð, eðlilegt er að leggja áherslu á ríki þar sem íslenskir aðilar eru nú þegar að stunda viðskipti. Í kjölfarið er síðan eðlilegt að leggja áherslu á mögulega framtíðarmarkaði Íslendinga.

Vegna smæðar Íslands geta verið raunhæf vandamál því tengd að fá önnur ríki til samningaviðræðna. Vegna þessa er lagt til að athugað verði möguleikar á því að óska viðræðna og fara út í þær í samfloti við önnur ríki. Þetta hefur gerst þegar Norðurlöndin eiga í hlut og skoða mætti möguleika á frekari samstarfi við þau sem og önnur ríki. Loks er brýnt þegar lítið er til framtíðar að samræmis sé ætíð gætt og vandað til þeirra reglna sem settar eru á þessu sviði þar sem um mikla hagsmuni er að ræða og brýnt að gæta þess að íslenskt atvinnulíf verði ekki fyrir tjóni þegar viðskipti eru stunduð erlendis. Það verður seint lögð næg áhersla á það að reglur á þessu sviði séu vel úr garði gerðar svo skattþegnar jafnt sem skattyfirvöld geti starfað í vissu um það hvaða reglur gildi.



Tvísköttunarsamningar eru hannaðir til að koma í veg fyrir að tekjur eins aðila verði skattlagðar oftan en einu sinni. Hættan á slíkri tvísköttun er alltaf fyrir hendi þegar fyrirtæki hafa starfsstöðvar og umsvif í mörgum þjóðlöndum. Tillögur Viðskiptaráðs sem kynntar eru í ritinu miða að því að auka samkeppnishæfi íslensks skattkerfis og veita fyrirtækjum sem besta möguleika á því að efla starfsemi sína og afla tekna erlendis. Að sama skapi er bent á að mikilvægt er að fjölga tvísköttunarsamningum landsins ef gera á Ísland að vænlegum kosti fyrir erlenda fjárfesta sem vilja hafa höfuðstöðvar fyrirtækja sinna eða hluta starfseminnar á Íslandi.

Double taxation occurs when the profits of a multinational enterprise are taxed in more than one state, e.g. when the same income is being taxed twice, once in Iceland and once in the state where it is sourced. Double taxation can be prevented, at least partly, but the issue is complicated. In the report the Iceland Chamber of Commerce covers the network of double taxation treaties and the unilateral methods states use to solve the double taxation problem that occurs when profits of multinational enterprises are taxed. We look to bring the discussion closer to Icelandic law and regulations, both for explanation and to look for improvements, so that Iceland can establish itself as a business hub for multinational enterprises.

Deloitte.

Grant Thornton

KPMG

PRICEWATERHOUSECOOPERS

TAXIS
LÖGMENN